

FUNDARBOÐ

**224. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 10. mars 2022 og hefst kl.
16:00**

Dagskrá:

Almenn mál

- 1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**
Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra
- 2. 2203066 - Breyting á yfirkjörstjórn Borgarbyggðar**
Sveitarstjóri leggur fram framlagða tilkynningu Sigríðar Helgu Skúladóttur, formanns yfirkjörstjórnar, dags. 7. mars 2022 þar sem hún segir af sér störfum. Af þeim sökum þarf að skipa nýjan aðila í yfirkjörstjórn vegna komandi sveitarstjórnarkosninga.
- 3. 2011033 - Frávik frá sveitarstjórnarlögum - heimild**
Sveitarstjóri leggur fram tilkynningu Innviðaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 2022 um framlengingu heimildar til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að tryggja starfshæfi sitt og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn, nefndum og ráðum sveitarfélagsins verði heimilt að halda fjarfundi til og með 31. mars 2022.
- 4. 2202089 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs 2022**
Afgreiðsla Heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 8. febrúar 2022:

5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð.
Lögð fram tillaga heilbrigðiseftirlitsins að nýrri heilbrigðissamþykkt um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð. Samþykktin hefur verið unnin í samstarfi við Borgarbyggð.
Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við samþykktina.
- 5. 2003033 - Hnoðraból - Grímsstaðaland 205426**
Afgreiðsla 588. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Byggðarráð felur sveitarstjóra að semja við lögmann eigenda á grundvelli framlagðs tilboðs. Byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga frá sölunni og undirrita nauðsynleg skjöl f.h. sveitarfélagsins með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar."

6. 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði

Afgreiðsla 589. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að stofnuð verði byggingarnefnd viðbyggingar fyrir Grunnskóla Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjum og tilnefnir Halldóru Lóu Þorvaldsdóttur, sem formann og Lilju Björgu Ágústsdóttur, Loga Sigurðsson, Guðveigu Eyglóardóttur og Davíð Sigurðsson sem aðalmenn, Friðrik Aspelund, Sigurður Guðmundsson, Magnús Smári Snorrason, Orri Jónsson og Sigrún Ólafsdóttir verða varamenn. Ekki er þörf á að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna nefndarinnar, þar sem kostnaður við byggingarnefnd bókast á framkvæmd verkefnisins.

7. 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun

Afgreiðsla 589. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að stofnuð verði byggingarnefnd fyrir uppbyggingu á íþróttastöðu í Borgarnesi og tilnefnir Silju Eyrúnu Steingrímnsdóttur, sem formann og Magnús Smára Snorrason, Guðveigu Eyglóardóttur, Davíð Sigurðsson og Brynju Þorsteinsdóttur sem aðalmenn, Lilja Björg Ágústsdóttir, Guðmundur Kristbergsson, Logi Sigurðsson, Orri Jónsson og Sigrún Ólafsdóttir verða varamenn. Ekki er þörf á að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna nefndarinnar, þar sem kostnaður við byggingarnefnd bókast á framkvæmd verkefnisins.

8. 2111111 - Sólbakki 4 - leigusamningur og framkvæmdir

Afgreiðsla 589. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Áætlað er að fyrsti hluti húsnæðisins að Sólbakka 4 afhendist sveitarfélaginu í byrjun mars 2022, þegar áhaldahúsið og dósamóttakan taka í gagnið húsnæði sem hefur verið aðlagð að starfsemi stofnanna. Síðar á árinu mun hæfing Öldunnar fá aðstöðu undir sín verkefni sem aðlagð hefur verið að starfsemi Öldunnar. Um er að ræða mikið framfararskref í húsnæðismálum þeirra stofnana sem munu taka til starfa í húsnæðinu og fagnar byggðarráð því að lausn sé fundin á þeim vanda sem hefur verið til staðar frá ársbyrjun 2021. Leigusamningur hefur verið undirritaður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar vegna húsnæðisins. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að samþykkja leigusamninginn.

9. 2108084 - Endurmat á styttingu vinnuvikunnar - Dagvinna

Afgreiðsla 590. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Inni í flestum kjarasamningum, sem samþykktir voru árin 2019-2020, var sett inn heimild til að gera breytingar á skipulagi vinnutíma og stytta vinnuvikuna í allt að 36 virkar vinnustundir á viku. Byggðarráð felur framkvæmdaráði, sem sviðsstjórar og sveitarstjóri sitja, að samþykkja vinnutímastyttingar sem stofnanir Borgarbyggðar leggja fram, þegar stytting vinnuvikunnar hefur ekki í för með sér kostnaðarauka eða skerðingu á þjónustu. Sé um að ræða kostnaðarauka eða þjónustuskerðingu skulu tillögur að vinnutímastyttingum lagðar fyrir byggðarráð.

10. 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022

Afgreiðsla 590. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: Lagt er fram minnisblað vegna tillögu að viðauka I við fjárhagsáætlun ársins 2022. Í tillögunni er gert ráð fyrir að færa 6.990 þús. kr. úr rekstraráætlun áhaldahúss yfir í fjárfestingaáætlun vegna bifreiðakaupa, hækka launakostnað skipulags- og byggingarnefndar um 800 þús. kr. vegna fjölgunar fundu skipulags- og byggingarnefndar, hækka kostnað við

skipulagsvinnu um 3.250 þús. kr. vegna skipulagsmála nýrrar götu og hækkun á styrkjum vegna atvinnumála um 7.500 þús. kr. Þá er einnig gert ráð fyrir hækkun á fjárfestingaáætlun um 20.000 þús. kr. vegna hönnunarsamkeppni nýrrar íbúabyggðar vestan Borgarvogs. Breyting á sjóðstreymisáætlun verður sú að handbært fé lækkar um 31.550 þús kr.

11. 2201126 - Samningur um viðhald götulýsingar

Afgreiðsla 590. fundar byggðarráðs Borgarbyggðar: "Við undirritun samningsins taka Vogir og lagnir ehf. við viðhaldi götulýsingar í Borgarbyggð, sem áður var á höndum Rarik. Gert er ráð fyrir viðhaldskostnaði götulýsingar í fjárhagsáætlun Borgarbyggðar vegna ársins 2022. Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Borgarbyggðar, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar."

12. 2201146 - Samstarfssamningur 2022

Afgreiðsla 33. fundar Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar: "Nefndin fagnar áframhaldandi samstarf við Kvikmyndafjelag Borgarfjarðar og samþykkir framlagðan samstarfssamning fyrir árið 2022 með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar."

13. 2201102 - Hönnunarstaðall

Afgreiðsla 33. fundar Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar: "Nefndin samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi og felur sveitarstjórn að staðfesta hann að undirritun lokinni."

14. 2202076 - Sorphirðusamningur 2017-2022

Afgreiðsla 31. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis-og landbúnaðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að framlengja sorphirðu samningi um eitt ár, sbr. ákvæði í útboðsgögnum og verksamningi. Vísað til sveitarstjórnar til samþykktar."

15. 2103130 - Litlu-Tunguskógur L219075 - Húsafell - BR.ASK - DSK - Landnotkun

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda lýsingu til auglýsingar fyrir íbúðarsvæði í Húsafelli í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að vinna frekari greiningu á tillögunni með tilliti til lögbundinna verkefna sveitarfélagsins."

16. 2202090 - Breiðabólstaður 2 í Reykholtssdal L186488 - íbúðarbyggð - Breyting á aðalskipulagi

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda lýsingu til auglýsingar fyrir Breiðabólstað 2 í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að teknu tilliti til athugasemda skipulagsfulltrúa."

17. 2202212 - Jarðlangsstadir L135058 - Vegagerð í frístundabyggð - Framkvæmdaleyfi

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis til vegagerðar í landi Jarðlangstaða í samræmi við gildandi deiliskipulag sbr. reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi."

18. 2006131 - Jarðlangstaðir, umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja útgáfu framkvæmdaleyfis þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að svara þeim athugasemdum sem bárust vegna málsins í samræmi við umræður á fundinum."

19. 2201004 - Mávaklettur 10 - Grenndarkynning byggingarleyfis

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja byggingarleyfi þar sem grenndarkynning hefur farið fram skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að svara athugasemdum."

20. 2111189 - Mávaklettur 16 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna byggingarleyfið fyrir nágrönnum og hagsmunaaðilum í samræmi við 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum á Mávakletti 13, 14 og 15."

21. 2112001 - Þórdísarbyggð 20 L194005 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi Stangarholt

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulaginu Stangarholt í Borgarbyggð Frísundabyggð. Breytingartillaga var sett fram í greinagerð og á uppdrætti dags. 26.11.2021. Breytingin felst í lagfæringu á byggingarreit lóðar þar sem staðsetning og helgurnarsvæði fornleifar er leiðrétt á uppdrætti. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir. Málsmeðferð verður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010."

22. 2112115 - Kárastaðaland-flugvöllur L172785 - stofnun lóðar Kárastaðaland flugvöllur B

Afgreiðsla 35. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lóðarinnar Kárastaðaland flugvöllur B, stærð 1267,4fm úr landinu Kárastaðir flugvöllur og Borgarnesland. Lóðin verður sett í notkunarflokkinn flugskýli."

23. 2203068 - Samrekin leik og grunnskóli á Varmalandi

Fulltrúar Framsóknarflokksins í Borgarbyggð óska eftir umræðu og greiningu á möguleikum og hagræðingu í því að flytja leikskólann á Bifröst á Varmaland árið 2022.

Fundargerð

24. 2202004F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 206

- 24.1 2202106 - Sumarlokun leikskóla Borgarbyggðar 2022
- 24.2 2101082 - Skólastefna 2021-2025
- 24.3 2201119 - Skóladagatöl leik, grunn og tónlistaskóla 20022-2023
- 24.4 2111008 - Reglur Borgarbyggðar um skólaakstur í grunnskóla
- 24.5 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 24.6 2202028 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2022
- 24.7 2202014 - Fundargerðir ungmennaráðs
- 24.8 2106030 - Endurskoðun á samstarfsamningi Borgarbyggðar og UMSB
- 24.9 2202113 - Tónlistaskólinn - listgreinar

25. 2202006F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 31

- 25.1 2202112 - Málefni tengd Heilbrigðiseftirliti Vesturlands
- 25.2 2202034 - Borgað þegar hent er
- 25.3 2202076 - Sorphirðusamningur 2017-2022
- 25.4 2201060 - Tengivegir í Borgarbyggð
- 25.5 2202109 - Deild umhverfis-og framkvæmda- febrúar 2022

26. 2202008F - Bygðarráð Borgarbyggðar - 588

- 26.1 1912083 - Samstarf um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Bjargslandi
- 26.2 2202085 - Deiliskipulag - Ný gata við Kveldúlshöfða - íbúðarbyggð
- 26.3 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 26.4 2202108 - Framtíðaríbúðabyggð í Borgarnesi
- 26.5 2202038 - Fjöldi funda hjá Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar
- 26.6 2111155 - Safnahúss Sólbakka 15 munageymsla
- 26.7 2201086 - Framtíðarskipan Safnahús Borgarfjarðar
- 26.8 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 26.9 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun
- 26.10 2009086 - Friðlýsingar Borgarvogs
- 26.11 2102057 - Öryggismál í biðskýlum
- 26.12 2102065 - Lokun starfsemi að Brákarbraut 25-27 - Brákarey
- 26.13 2003033 - Hnoðraból - Grímsstaðaland 205426
- 26.14 1809137 - Grímshús - samningur við MMG
- 26.15 2202031 - Umsókn um lóð - Stekkjarholt 1
- 26.16 2202032 - Umsókn um lóð - Stöðulsholt 37
- 26.17 2202033 - Umsókn um lóð - Stöðulsholt 39
- 26.18 2202092 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2022

- 26.19 1511047 - Eigendastefna Faxaflóahafna
- 26.20 2202080 - Giljahlíð L134404 - Vatnsveita - Beiðni um umsögn
- 26.21 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 26.22 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 26.23 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 26.24 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 26.25 2202060 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2022
- 26.26 2202059 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2022

27. 2202011F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 589

- 27.1 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði
- 27.2 2110088 - Íþróttahús - Frumhönnun
- 27.3 2202108 - Framtíðaríbúðabyggð í Borgarnesi
- 27.4 2004072 - Lækkun gjaldskrár Orkuveitu Reykjavíkur
- 27.5 2202053 - Lífeyrisskuldbindingar - breyttar forsendur - hækkun 2021
- 27.6 2202153 - Bifreiðakaup í áhaldahús
- 27.7 2012032 - Fyrirkomulag snjómoksturs
- 27.8 2111111 - Sólbakki 4 - leigusamningur og framkvæmdir
- 27.9 2202166 - Vatnsveitur A í Hraunahreppi, starfsleyfi
- 27.10 2202023 - Nauðsynleg viðbrögð sveitarfélaga vegna breytinga á barnaverndarlögum
- 27.11 2202165 - Bréf EFS til allra sveitarfélaga um almennt eftirlit á árinu 2022
- 27.12 1511047 - Eigendastefna Faxaflóahafna
- 27.13 2111026 - Barnaþing nóv.2021 - boðsbréf
- 27.14 2202167 - Umsókn um stofnframlög ríkisins
- 27.15 2202160 - Íbúaskrá 1.desember 2021
- 27.16 2202159 - Aðalfundur SSV. 16.3 2022

28. 2202013F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 33

- 28.1 2112089 - Skýrsla samskiptastjóra
- 28.2 2201102 - Hönnunarstaðall
- 28.3 2111155 - Safnahúss Sólbakka 15 munageymsla
- 28.4 2201146 - Samstarfssamningur 2022
- 28.5 2112090 - Fyrirtækjaþing 2022
- 28.6 2202196 - Markaðsmál 2022
- 28.7 2202218 - Upplýsingaskilti við Digranesgötu
- 28.8 2202068 - Umsókn um styrktarlínur og auglýsingar 2022

29. 2202017F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 590

- 29.1 2203010 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2022
- 29.2 2203003 - Umsókn um afslátt af gatnagerðargjöldum
- 29.3 2108084 - Endurmat á styttingu vinnuvikunnar - Dagvinna
- 29.4 2111178 - Gervigras - Íþróttavöllur
- 29.5 2202171 - Áningarstaður á Merkjahrygg á Bröttubrekku
- 29.6 2201126 - Samningur um viðhald götulýsingar
- 29.7 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 29.8 2202206 - Vegna vatnsveituumsóknar Grímsstöðum
- 29.9 2203004 - Ystutungugirðing og málefni Bjarnardals og annarra heimalanda í Norðurárdal
- 29.10 2202216 - Samráðs- og upplýsingafundur til undirbúnings stefnumótunarvinnu Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 29.11 2102065 - Lokun starfsemi að Brákarbraut 25-27 - Brákarey
- 29.12 2202220 - Kauptilboð í Þorsteinsgötu 5
- 29.13 2202213 - Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands 16. mars 2022
- 29.14 2202203 - Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2021
- 29.15 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 29.16 2201097 - Umsagnarmál f. Alþingi 2022
- 29.17 2202060 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2022

30. 2202014F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 35

- 30.1 2103130 - Litlu-Tunguskógur L219075 - Húsafell - BR.ASK - DSK - Landnotkun
- 30.2 2202090 - Breiðabólsstaður 2 í Reykholtssdal L186488 - íbúðarbyggð - Breyting á aðalskipulagi
- 30.3 2112001 - Þórdísarbyggð 20 L194005 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi Stangarholt
- 30.4 2201004 - Mávaklettur 10 - Grenndarkynning byggingarleyfis
- 30.5 2111189 - Mávaklettur 16 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 30.6 2112115 - Kárastaðaland-flugvöllur L172785 - stofnun lóðar Kárastaðaland flugvöllur B
- 30.7 2109056 - Uppsetning skilta og mögulegur Frisbee golf völlum - Fyrirspurn
- 30.8 2202212 - Jarðlangsstaðir L135058 - Vegagerð í frístundabyggð - Framkvæmdaleyfi
- 30.9 2006131 - Jarðlangsstaðir, umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt
- 30.10 2201067 - Endurbætur á Andakílsárvirkjun - fyrirspurn um matsskyldu
- 30.11 2109080 - Múli vindmyllugarður í landi Hvamms L134812
- 30.12 2202108 - Framtíðaríbúðabyggð í Borgarnesi
- 30.13 2202085 - Deiliskipulag - Ný gata við Kveldúlfshöfða - íbúðarbyggð

08.03.2022

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri.